



Velferðarnefnd Alþingis

Kópavogur, 25. janúar 2021
Mál 355 – Þingskjal 441

Efni: Umsögn velferðarsviðs Kópavogs um frumvarp til laga um barna og fjölskyldustofu sem lagt var fram á 151. löggjafarþing 2020–2021.

Velferðarsvið Kópavog fagnar framkomnum tillögum að breytingum á þeim ríkisstofnunum sem koma að málefnum barna og fjölskyldna. Sviðið tekur undir mikilvægi þess að stuðningur við stjórnvöld, ráðgjöf varðandi einstök mál og uppbygging og rekstur úrræða sé aðskilinn frá eftirliti með framkvæmd laga og gæðum þjónustu. Einnig er jákvætt að barna og fjölskyldustofa mun ekki aðeins koma að málefnum barnaverndar heldur þjónustu við börn í samfélaginu á breiðari vettvangi. Í því samhengi tekur velferðarsvið einnig undir mikilvægi þess að tryggð sé þverfagleg og víðtæk þekking innan stofnunarinnar á þeim málaflokkum sem undir hana munu heyra.

Velferðarvið tekur undir athugasemdir Sambands íslenskra sveitarfélaga sem snúa að því að samráð barna og fjölskyldustofu við sveitarfélögin verði formfest þegar kemur að verkefnum sem heyra undir sveitarfélögin sbr. 3.gr. frumvarpsins og að fallið verði frá heimildum til gjaldtöku fyrir þjónustu skv. 7.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Virðingarfyllst f.h. velferðarsviðs Kópavogs,
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Verkefnastjóri snemmtæks stuðnings og samfelldrar þjónustu